



Garðabær 24.október 2018

Berist til: Guðjóns Erlings Friðrikssonar, bæjarritara Garðabæjar, Kára Jónssonar, íþróttafulltrúa og Björg Fenger formaður ÍTG.

Erindi: Áhöld í fimleikasal

Í erindi þessu óska ég fyrir hönd fimleikadeildar Stjórnunnar að skoðað verði sérstaklega fjármagn til áhaldakaupa með hliðsjón af slysaþættu og öryggisstöðlum.

Í fimleikadeild Stjórnunnar æfa 702 börn frá aldrinum 2 ára til 28 ára. Eins og staðan er núna er fullt í nánast öllum hópum og komast því færri að en vilja að æfa fimleika hjá Stjórnunni. Fimleikadeildin er með húsið í notkun frá klukkan 15:00 til 22:00 alla virka daga og um helgar byrja æfingar klukkan 9:00 til 18:00 þegar húsið lokar. Einnig eru fjölmargir skólar og leiksskólar sem nýta húsið yfir daginn. Mikil notkun og nýting á íþróttamannvirki eins og hér er lýst kalla óhjákvæmilega á örari endurnýjum áhaldum til að standast þá öryggisstaðla og sporna við slysum sem væru eiganda mannvirkisins tryggingaskyld. Gífurleg notkun leiðir til þess að endurnýja þarf áhöld örar til að standast öryggisstaðla.

Við óskum eftir nýjum hlaupakubbum fyrir fiberinn. Núverandi hlaupakubbar eru slysaþættir, þeir eru brotnir og er yfirborðið ójafnt. Franskur rennilás sem heldur kubbum saman er rifinn á mörgum stöðum eða vantar því er mikil hættu á að iðkendur misstigi sig. Iðkendur í meistaraflokkunum og 1. flokks liðin okkar geta ekki æft sig fyrir mót með viðunandi búnaði því þeir geta ekki notað kubba. Þegar við höldum FSÍ Bikarmót í vor þurfum við að fá lánaða hlaupakubba frá Gerlpu. Við eigum að halda FSÍ Íslandsmót í mars og ljóst er að við þurfum aftur að leita til annarra félaga um hlaupakubba. Við þurfum 10 stykki. Við munum nýta núverandi kubba til að byggja upp stöðvar fyrir alla iðkendur félagsins og munu þeir því nýtast mjög vel í salnum. Nýju kubbarir verða einungis notaðir í hlaup fyrir fiberinn.

Dýrnarnar eru ekki lengur heilar, stoðkanntur dottinn af allan hringinn. Þær haldast ekki lengur saman, glyðast í sundur sem veldur slysaþættu hjá iðkendum þegar þeir stíga oní þær mörgu holur sem eru á svæðinu. Við höfum reynt að líma þetta saman og tökum gólfið reglulega upp til að koma því betur saman. En notkunin er mikil og álagið á dýnunum eftir því og því er gólfið fljótt að fara af stað aftur. Við óskum eftir nýjum dýnum undir slárnar, loftdýnum sem eru sérhannaðar fyrir sláarsvæði. Loftdýnur eru að koma sterkar inn sem stöðugt og gott gólf fyrir áhaldafimleika. Það er líka auðvelt að taka þær niður sem við þurfum að gera þegar við höldum stór mót í salnum.

Það vantar svamp í gryfjuna. Gryfjan er nauðsynleg við allar æfingar í fimleikum og er því mikið notuð. Hún er einnig vinsælasta áhaldið þegar skólarnir koma í fimleikasalinn. Staðan er sú að gryfjan er orðin stóhættuleg því of fáir svampkubbar eru í gryfjunni og iðkendur sem gera stór stökk eru að lenda með lappirnar í botninum. Í vor fótbrotnaði iðkandi á æfingu þegar hún fór í gegnum gryfjuna og lenti með fæturnar í botninum. Til þess að getað boðið upp á öruggar æfingar þurfum við fleiri svamp kubba í gryfjuna svo hún standist öryggis kröfur.

Við óskum eftir nýrri loftdýnu í staðin fyrir þá sem var í salnum en hún er ónýtt. Tengi á milli dýnu og dælu heldur ekki lofti og því lak úr dýnunni sem olli slysaþættu. Loftdýna er nauðsynleg fyrir æfingar



hjá hóp fimleikum og einnig hefur nýst áhaldafimleikunum vel. Loftdýna er staðalbúnaðar í fimleikasölum í dag.

Í jafn öfluggu og sterku fimleikafélagi og Stjarnan er, er nauðsynlegt að búnaðurinn í salnum sé á pari við önnur stór fimleikafélög. Við eigum ríkjandi Norðurlanda-, Bikar- og Íslandsmeistara í meistaraflokki í hóp fimleikum og áttum 31 fulltrúa í landsliðinum fjórum sem fóru á EM og stóðu sig frábærlega. Til þess að viðhalda þessum árangri þurfum við að hafa flotta fimleikahúsið okkar með bestu mögulegu áhöldum hverju sinni. Það er því ósk fimleikadeildar Stjörnunnar að húsið og búnaðir þess verði viðhaldið og áhöld sem eru ónýt vegna mikillar notkunar verði endurnýjuð.

Með von um góðar undirtektir

Fyrir hönd fimleikadeildar Stjörnunnar

Ingibjörg Vilhjálmsdóttir formaður fimleikadeildar Stjörnunnar

Fyrir hönd UMF Stjörnunnar

Ása Inga Þorsteinsdóttir

Framkvæmdastjóri UMF Stjarnan

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026